

Efnisyfirlit

1.1.	ALMENNT	2
1.2.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR	2
1.3.	MATSSKYLDA	2
1.4.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5.	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR	3
1.6.	RANNSÓKNIR	4
1.7.	STAÐA SKIPULAGS	4
1.8.	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI	4
1.9.	LEYFISVEITENDUR	6
2.	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	7
2.1.	STAÐHÆTTIR	7
2.2.	NÚVERANDI VEGUR	7
2.3.	UMFERÐ	10
3.	FRAMKVÆMDALÝSING	11
3.1.	VALKOSTIR	11
3.2.	FRAMKVÆMDALÝSING	11
3.2.1.	Vegur og vegtengingar	11
3.2.2.	Efnispörf	11
3.3.	FRÁGANGUR	12
3.4.	VINNUBÚÐIR	13
3.5.	MANNAFLAÐÖRF	13
3.6.	FRAMKVÆMDATÍMI	13
3.7.	REKSTUR	13
4.	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	14
4.1.	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM	14
4.1.1.	Vegagerð	14
4.1.2.	Efnistaka	14
4.2.	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	14
5.	LÝSING Á STAÐHÁTTUM	15
5.1.	MANNLÍF OG ÚTIVIST	15
5.2.	LANDSLAG	15
5.3.	SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN	16
5.4.	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN	16
5.5.	JARÐMYNDANIR OG VATN	17
5.6.	GRÓÐURFAR OG FUGLAR	18
5.7.	MENNINGARMINJAR	18
6.	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	23
7.	NIÐURSTAÐA	24
8.	HEIMILDIR	25
9.	TEIKNINGAR	26

1. YFIRLIT

1.1. ALMENNT

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna vegaframkvæmd á Skíðadalsvegi (807) í Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu (Teikning 2). Fyrirhugað er að endurbýggja, styrkja og leggja bundið slitlag á tvo kafla Skíðadalsvegar. Annars vegar milli Skáldalækjar og Brautarhóls, hins vegar milli Hofsár og Ytra-Hvarfs. Samtals eru vegarkafarnir um 6,5 km langir og munu að mestu fylgja núverandi vegi. Í tengslum við framkvæmdina er gert ráð fyrir að byggja 2 nýjar heimreiðar og leggja reiðveg meðfram vegarköflunum að austanverðu.

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd jarðanna Skáldalækjar, Sökku, Hánefsstaða, Uppsala, Valla, Hofs, Hofsár, Hofsárkots og Ytra-Hvarfs.

Áætluð efnisþörf í veginn er um 130 þús m³.

Fjárveiting til Skíðadalsvegar var á vegáætlun árið 2009, samtals 125 m.kr. Vegáætlun er nú í endurskoðun og ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir við verkið geta hafist en áætlaður framkvæmdatími er 1-2 ár. Líklegt er að framkvæmdinni verði í skipt í 2 áfanga.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi.

1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur í Svarfaðardal. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 80-90 km/klst hámarkshraða.

1.3. MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Kanna þarf matskyldu framkvæmdarinnar skv. 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum:

- Skv. viðauka 2.10.c, þar sem um er að ræða vegaframkvæmd utan þéttbýlis á verndarsvæði.
 1. Á vegarkafnanum Skáldalækur-Brautarhóll liggur framkvæmdin á um 1,8 km löngum kafla í jaðri Friðlands Svarfdæla.
 2. Á vegarkafnanum Hofsá-Ytra Hvarf liggur framkvæmdin á um 1,1 km löngum kafla í jaðri grannsvæðis eins af vatnsverndarsvæðum Dalvíkurbyggðar sem staðsett er á áreyrum Svarfaðardalsár niður undan Hofsárkoti.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Dalvíkurbyggð. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í Svarfaðardal (Teikning 1).

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur.

Vegsvæði Skíðadalsvegur, sem er tengivegur, telst vera 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður hvergi mjög breitt, eða að jafnaði um 15-25 m. Á nokkrum stöðum verður það þó breiðara, vegna hárra fyllinga og flatari fláa. Breiðast verður það 40 m við st. 1500.

Vegurinn verður að mestu lagður á fyllingu. Á kaflanum milli Skáldalækjar og Brautarhóls eru víða grunnar hliðarskeringar aðallega ofan vegarins. Hæsta fylling er um 2,5-3 m há og 25 m breið við st. 1500.

Á kaflanum milli Hofsa og Ytra-Hvarfs eru helst skeringar á þeim stöðum þar sem hæðarlega núverandi vegar verður lagfærð með því að taka niður hæðir. Stærsta skeringin, um 3 m djúp, er við st. 1300 þar sem blindhæð er tekin niður. Við st. 14.000 er stærsta fyllingin eða um 5 m há og 35 m breið

Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og er það tilgreint í útboðsgögnum.

1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð hefur verið haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
 - **Skáldalækur**: Eiður Arnar Sigurðsson og Ósk Sigríður Jónsdóttir.
 - **Sakka**: Gunnsteinn Þorgilsson og Dagbjört Hrönn Jónsdóttir.
 - **Hánefsstaðir**: Trausti Þórisson og Ásdís Erla Gísladóttir. Ábúandi er Þórólfur Jónsson.
 - **Hánefsstaðir, skógarreitur**: Skógræktarfélag Eyfirðinga.
 - **Vellir**: Bjarni Óskarsson.
 - **Hof**: Árni Sigurður Þórarinsson og Kristín M. Sigtryggisdóttir.
 - **Hofsa**: Trausti Þórisson og Ásdís Erla Gísladóttir.
 - **Hofsárreitur**: Gísli Þorleifsson.
 - **Hofsárkot**: Trausti Þórisson og Ásdís Erla Gísladóttir. Ábúandi er Sigvaldi Gunnlaugsson.
 - **Ytra-Hvarf**: Jóhann Ólafsson.

Þá verður haft samráð við eftirtalda aðila:

- **Skipulagsstofnun**, varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar.
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku og frágang á svæðinu.
- **Minjavörð Norðurlands eystra**, varðandi fornleifar á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins.
- **Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra**, varðandi framkvæmdir innan fjarsvæðis vatnsbóls.

1.6. RANNSÓKNIR

Þar sem veglínan fylgir núverandi vegi að mestu leyti er ekki talin þörf á rannsóknum á gróðurfari og/eða fuglalífi. Í tengslum við gerð aðalskipulags Dalvíkurbyggðar hefur aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu farið fram á vegum Fornleifastofnunar Íslands.¹

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni mun gera efnisrannsóknir á framkvæmdasvæðinu áður en framkvæmdir hefjast.

Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana.

1.7. STAÐA SKIPULAGS

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð varð til árið 1998 við sameiningu Árskógsstrandarhrepps, Svarfaðardalshrepps og Dalvíkurkaupsstaðar.

Ekki er til samþykkt aðalskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en tillaga að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar hefur verið auglýst til umsagnar. Í tillögu að greinargerð, dags. 17. september 2008, kemur fram (bls. 56) að tveir kaflar Skíðadalsvegur 807 séu ekki lagðir bundnu slitlagi, en sú framkvæmd sé á vegaáætlun 2007-2010 og áætlað að henni ljúki fyrir 2010. Þá er, skv. tillögu að greinargerð, gert ráð fyrir reiðleið austan Skíðadalsvegur.


Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, staðfest 14.10.2002 er til fyrir öll sveitarfélögin í Eyjafirði. Í meginmarkmiðum svæðisskipulagsins kemur fram (bls. 12-13) að allir tengivegir skuli byggðar upp og lagðir bundnu slitlagi á skipulagstímabilinu.

1.8. SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI

Á um 1,8 km löngum kafla (st.1460-3240) liggur fyrirhugað framkvæmdasvæði milli Skáldalækjar og Brautarhóls í jaðri svæðis á náttúruminjasrá, Friðlandsins í Svarfaðardal, Dalvík Eyjafjarðarsýslu (Teikning 2). Svæðið var lýst friðland 1972. Friðlýsingin var endurskoðuð með auglýsingu í stjórnartíðindum B, nr. 443/1980. Stærð svæðisins er 540 ha. Friðlönd eru landssvæði sem mikilvægt er að varðveita vegna landslags, gróðurfars eða dýralífs. Svæðið er neðanverð Svarfaðardalsá í Eyjafirði, ásamt bökkum og óshólmum.

Mörk friðlandsins að vestan eru landamerki Tjarnar annars vegar og Jarðbrúar og Grundar hins vegar og niður að vestan allt til sjávar.

Skógarreitirinn á Hánefsstöðum markar fremsta hluta friðlandsins að austanverðu, allt að merkjum Sökku. Þaðan í gegnum allt Sökkuland er þjóðvegurinn markalínan, en Skáldalækjarmelar þegar þeir taka við skammt norðan við landamerkin (Mynd 1).



Mynd 1. Mörk Friðlandsins eru merkt með grænni strikalinu á myndinni (www.dalvik.is).

¹ Fornleifastofnun Íslands 2002-2003.

Eftirfarandi reglur gilda um friðlandið:

1. Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár.
2. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Girðingar á friðlandinu má aðeins reisa með samþykki umsjónarnefndar friðlandsins. Skulu þær þannig gerðar, að þær hindri ekki umferð gangandi fólks um svæðið (hlið eða tröppur yfir girðinguna).
3. Friðlandið má aðeins nytja á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitar og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti umsjónarnefndar friðlandsins.
4. Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr þeim. Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því.
5. Gangandi mönnum og ríðandi er heimil umferð um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Stefnt skal að því að marka gönguleiðir um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er því aðeins leyfð, að hún sé í tengslum við leyfilegar nýttjar landsins.
6. Umsjón með friðlandinu er í höndum þriggja manna. Skulu náttúruverndarnefndir Eyjafjarðarsýslu og Dalvíkurkaupstaðar tilnefna einn mann hvor, en [Umhverfisstofnun] hinn þriðja, og er hann formaður.
7. Til undanþágu frá reglum þessum að öðru leyti en getur í 2. og 3. gr. þarf leyfi [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Við Hánefsstaðaskóg í Svarfaðardal er skilti með upplýsingum um friðlandið. Þar kemur fram að árið 1972 stofnuðu nokkrir jarðeigendur í Svarfaðardal Friðland Svarfdæla. Friðlandið tekur yfir votlendi beggja vegna Svarfaðardalsár neðan frá sjó fram að Húsabakkaskóla. Þar skiptast á þurrið árbakkar, blautar mýrar, stararflóar, síki og gróðursælar seftjarnir. Svæðið er kjörlandi fyrir fjölmargar fuglategundir sem eiga þarna varplönd. Tilgangurinn með stofnun Friðlands Svarfdæla var/er að vernda þetta einstæða lífríki og koma í veg fyrir spjöll á því. Í friðlandinu má ekki spilla gróðri, granda fugli né raska hinum eðlilega gangi náttúrunnar. Frá Húsabakkaskóla liggja merktar, auðfarnar gönguleiðir um hluta friðlandsins.

Varðandi önnur verndarsvæði nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þá er eitt af vatnsverndarsvæðum Dalvíkurbyggðar á austurbakka Svarfaðardalsár, syðst í landi Bakka og Hofsaárákots (Teikning 2 4/4). Fyrirhugað framkvæmdasvæði, milli Hofsaárá og Ytra-Hvarfs, liggur í jaðri grannsvæðis þess á um 1,1 km kafla. Vegarkaflinn er þó að mestu á fjarsvæði vatnsverndarsvæðisins nema á tveimur örstuttum köflum þar sem fyllingar endurbýggðs vegar ná inn á grannsvæði þess.

Vatninu er dælt upp úr 4 brunnum sem grafnir eru í ármölinu, sem er hulin jarðvegi. Mölin er að mestu framburður Skíðadalsár, en hún sameinast Svarfaðardalsá skammt ofan bólanna. Staðsetning vatnsbólanna er á svæði þar sem grunnvatnsmagn er mikið og ekki mikil hætta á mengun. Ánni hefur verið stýrt í farveg sem fellur framhjá vatnsbólunum og byggður hefur verið varnargarður og skurður rétt ofan bólanna til að hindra að vatnsbólun skemmist í flóðum.

- Brunnsvæði árinna er um það bil 3 ha að stærð, afgirt, vel gróið og friðað fyrir ágangi búfjár.
- Grannsvæðið markast af línu frá norðausturhorni brunnsvæðisgirðingar, þvert vestur yfir Svarfaðardalsá, upp með henni uppi á brekkubrúninni að vestan allt inn fyrir brúna við Hreiðarsstaði. Þaðan niður með ánni hinum megin með gamla veginum yfir Tungurnar og

allt inn fyrir brúna á Skíðadalsá. Austan hennar með vegi allt niður fyrir Ytra-Hvarf og þaðan í norðausturhorn brunnsvæðisgirðingar.

- Fjarsvæðið er gríðarstórt eða allt vatnasvið Skíðadalsár og Svarfaðardalsár.

Í tillögu að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 er fjallað um hverfisverndarsvæði í Dalvíkurbyggð. Ekkert hverfisverndarsvæði er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en í nágrenni þess er:

- **623-Hv Verndarsvæði Hvarfs og Tungu**, sem er sunnan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.
- **638-Hv Verndarsvæði Hofsaár, Hofsaárgils og Goðafoss**, sem er ofan vegar í Hofsaárgili.

Framkvæmdin liggur utan þessara svæða og mun ekki hafa áhrif á þau.

Ekkert svæði í nágrenni Skíðadalsvegur er tilgreint í Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Á náttúruminjaskrá, og í nágrenni framkvæmdasvæðisins, er hins vegar fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Eftirfarandi lýsing er úr náttúruminjaskrá:

“Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2). Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða”.

Framkvæmdin liggur utan þessa svæðis og mun ekki hafa áhrif á það.

1.9. LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Dalvíkurbyggðar.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

Ef rjóðurfella þarf skógræktarsvæði mun Vegagerðin sækja um leyfi til skógræktarstjóra í samræmi við 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955.

2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1. STAÐHÆTTIR

Framkvæmdasvæðið liggur í austanverðum Svarfaðardal í Dalvíkurbyggð. Svarfaðardalur er um 20-25 km langur og um 2 km breiður. Hann gengur upp frá Dalvík á vesturströnd Eyjafjarðar. Hlíðar eru hvarvetna vel grónar og fjöll há og brött, skorin skörðum og þverdölum. Dalbotninn er hallalítil með breiðum engjasléttum. Um 10 km frá sjó greinist dalurinn í tvennt; annars vegar í Skíðadal sem heldur meginstefnu dalsins, hins vegar Svarfaðardal sem liggur nær beint í vestur.

Svarfaðardalsá rennur um dalinn. Áin á upptök innst í Svarfaðardal og fellur í Eyjafjörð skammt sunnan Dalvíkur. Neðst í Svarfaðardalsá er áin mjög lygn. Þar er stórt óshólmavæði á náttúruminjaskrá, friðlýst árið 1972; **Friðland Svarfdæla**.

Á veiðivefnum www.nat.is kemur fram að í Svarfaðardalsá sé mikil og góð sjóbleikjuveiði. Bleikjan er væn auk þess sem slangur er af urriða og einstaka lax. Veiðisvæðin eru 5 með tveimur stöngum hvert. Veiðitíminn hefst 1. júní og lýkur 10. september.

2.2. NÚVERANDI VEGUR

Skíðadalsvegurinn er tengivegur. Vegsvæði hans er 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar sitt til hvorrar áttar. Vegurinn er í heild 19,34 km langur og liggur til suðurs út frá Ólafsfjarðarvegi að Ytra-Hvarfi, vestur yfir Svarfaðardalsá og suður Skíðadal að Klængshóli, innst í Skíðadal.

Á undanförunum árum hafa þjóðvegirnir í austan og vestanverðum Svarfaðardal verið endurbyggðir og lagðir bundnu slitlagi. Síðast Tunguvegur (806), milli Skíðadalsvegur (807) og Svarfaðardalsvegur (805), á árunum 2001 og 2002. Eftir standa þeir tveir kaflar sem hér er fjallað um, þ.e. milli Skáldalækjar og Brautarhóls og Hofsár og Ytra-Hvarfs. Á þeim köflum er vegurinn malarvegur og með hæðar- og planlegu sem þarfnast lagfæringar á nokkrum stöðum. Hér að neðan er fjallað um kaflana hvorn í sínu lagi.

Skáldalækur-Brautarhóll. Kaflinn er 3,4 km langur og hefst í stöð 940, við núverandi slitlagsenda hjá Skáldalæk, sunnan Ólafsfjarðarvegur (Mynd 2).



Mynd 2. Horft inn Svarfaðardal, frá slitlagsenda við Skáldalæk (Sóley Jónasdóttir, 2008).

Neðan vegarins er **Friðland Svarfdæla**, víðáttumikið votlendissvæði beggja vegna Svarfaðarsdalsár. Mörk friðlandsins að austan liggja að mestu eftir núverandi vegi og á um 1,8 km löngum kafla (st.1460-3260) er fyrirhugað framkvæmdasvæði á austurmörkum þess.

Milli st. 2940-3400, neðan vegarins, er Hánefsstaðaskógur, útivistarsvæði í eigu Skógræktarfélags Eyjafjarðar.

Planlega núverandi vegar er víðast nokkuð góð nema sunnan Hánefsstaðaskógar þar sem 2 krappar beygjur valda hættu (Mynd 3).



Mynd 3. Planlega núverandi vegar sunnan Hánefsstaðaskógar (Sóley Jónasdóttir, 2009).

Þá er hæðarlegu kaflans víða ábótavant. Vegurinn liggur á köflum í beinni línu um framkvæmdasvæðið, þvert á margar hæðir (Mynd 4)



Mynd 4. Horft til suðurs eftir núverandi vegi við stöð 3560 (Sóley Jónasdóttir, 2008).

Engar brýr eru á kaflanum en nokkur gömul ræsi. Aðallega er um að ræða steinröraræsi og eitthvað af sérsteyptum ræsum.

Þá eru opnar námur neðan núverandi vegar í landi Sökku og Valla.

Girðingar við vegstæðið eru samtals á um 2,36 km kafla, þ.e. milli st. 970-2510, 2890-2930 og 3980-4340 neðan vegarins en ofan vegar milli st. 3920-4340.

Vegtengingar eru frá núverandi vegi að bæjum, kirkju á Völlum, inn á tún, auk tengingar að hliði við Hánefsstaðaskóg.

Hofsa-Ytra Hvarf. Kaflinn er 3,46 km langur og liggur frá núverandi slitlagsenda skammt norðan Hofsa, að núverandi slitlagsenda við Ytra-Hvarf (Myndir 5 og 6).



Mynd 5. Horft til suðurs við slitlagsenda hjá Hofsa. (Sóley Jónasdóttir, 2008).



Mynd 6. Horft til norðurs við slitlagsenda hjá Ytra-Hvarfi. (Sóley Jónasdóttir, 2008).

Neðan vegarins, milli st. 400-850, er Hofsaárreitur, afgirtur skógarreitur í einkaeigu. Nýja veglínin liggur lítið eitt frá skóginum og mun framkvæmdin ekki raska honum.

Á um 1,1 km löngum kafla liggur framkvæmdin í jaðri grannsvæðis vatnsverndarsvæðis Dalvíkurbyggðar, eða frá st. 2320 og að útboðsenda við Ytra-Hvarf. Það skal þó tekið fram að á þessum 1,1 km kafla er vegurinn að mestu á fjarsvæði vatnsverndarinnar. Einungis á 2 örstuttum köflum nær fylling inn á grannsvæðið.

Hæðarlegu vegarins er ábótavant á nokkrum stöðum, m.a. er blindhæð skammt norðan Skeggstaða (Mynd 7). Á blindbeygjunni eru auk þess mjög varasöm vegamót þar sem heimreið að Skeggstöðum liggur út frá núverandi vegi á blindhæðinni.



Mynd 7. Blindhæð norðan Skeggstaða. Horft til suðurs norðan Skeggstaða. (Sóley Jónasdóttir, 2008).

Engar brýr eru á kaflanum en nokkur gömul ræsi. Aðallega er um að ræða steinrörræsi og eitthvað af sérsteyptum ræsum.

Girðingar við vegstæðið eru samtals á um 3,56 km kafla. Annars vegar neðan vegar milli st. 60-400, hins vegar ofan vegar milli st. 240-3460.

Vegtengingar eru frá núverandi vegarkafla að býlum, túnum, vegslóðum og skógræktarreit, auk vatnsveituvegar.

2.3. UMFERÐ

Ársgdagsumferð á vegarköflunum árið 2007 var 171 bílar/sólarhring. Sumardagsumferð var 219 bílar/sólarhring og vetrardagsumferð var 143 bílar/sólarhring. Framreiknuð ársgdagsumferð árið 2026, 20 árum seinna er um 277 bílar/dag, framreiknuð sumardagsumferð um 355 bílar/sólarhring og framreiknuð vetrardagsumferð um 232 bílar/sólarhring.

3. FRAMKVÆMDALÝSING

3.1. VALKOSTIR

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Við ákvörðun á planlegu vegarkafllana var tekið mið að núverandi Skíðadalsvegi, þannig að endurbyggður vegur uppfylli öryggiskröfur Vegagerðarinnar með lágmarks landröskun.

3.2. FRAMKVÆMDALÝSING

3.2.1. Vegur og vegtengingar

Framkvæmdasvæðið er á tveimur köflum Skíðadalsvegur, frá nyrðri útboðsenda við Skáldalæk að syðri útboðsenda við Brautarhól, og frá nyrðri útboðsenda við Hofsá að syðri útboðsenda við Ytra Hvarf (Teikning 2). Vegurinn verður gerður samkvæmt vegtegund C2, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 80-90 km/klst. Endurbyggður vegur verður nokkuð breiðari og hærri en núverandi vegur.

Hæðarlega- og planlega vegarins verður betri en á núverandi vegi og öryggi vegfarenda meira.

Gera þarf að hluta til nýjar vegtengingar að Skeggstöðum og Hofsárkoti. Ný vegtenging að Skeggstöðum verður að framkvæmdum loknum 120 m löng og liggur út frá núverandi vegi við st. 1219, um 70 m norðar en núverandi heimreið. Ný vegtenging að Hofsárkoti verður um 210 m löng og liggur út frá núverandi vegi um st. 1940, um 110 m norðar en núverandi heimreið. Þessar heimreiðar munu flokkast sem héraðsvegir að framkvæmdum loknum.

Aðrar tengingar að býlum verða aðlagðar hæðarlegu endurbyggðs vegar. Einnig verður tenging að Vallarkirkju og vatnsveituvegi, auk tenginga inn á tún og að skógræktarreitum aðlagðar hæðarlegu endurbyggðs vegar.

Í tillögu að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 er gert ráð fyrir reiðleið meðfram veginum að austanverðu. Í tengslum við framkvæmdina verður því 2,5 m breiður reiðvegur lagður vinstra megin vegar milli Skáldalækjar og Brautarhóls og Hofsár og Ytra-Hvarfs. Reiðvegurinn verður með 30 cm styrkingarlagi og 5 cm malarslitlagi.

Nokkur ræsi eru í núverandi vegi á umræddum köflum og verður þeim öllum skipt út.

3.2.2. Efnispörf

Áætluð efnispörf í verkið er 130.000 þús m³. Áætlun byggir á þversniðsmælingum sem gerðar voru í ágúst 2008. Frekari upplýsingar um efnispörf hvors kafla fyrir sig má sjá í töflu 1 hér fyrir neðan.

Tafla 1. Efnispörf

	Skáldalækur-Brautarhóll (m ³)	Hofsá-Ytra Hvarf (m ³)
Efni í reiðveg	4.350	4.350
Klæðing	900	900
Efra Burðarlagsefni	5.300	5.400
Neðra burðarlagsefni	16.500	17.600
Fyllingar og fláafleygar	35.700	38.400
Samtals	62.750	66.650

Hvað varðar efnistöku er gert ráð fyrir að 30.000 m³ af efni komi úr vegskeringum og það verði nýtt í fyllingar og/eða fláafleyga.

Þá hafa opnar námur við Skíðadalsveg verið skoðaðar og rætt við landeigendur (Teikning 2). Á fyrri kaflanum, milli Skáldalækjar og Brautarhóls, eru 2 námur sem koma til greina sem líklegir efnistökuastaðir og á seinni kaflanum, milli Hofsár og Ytra Hvarfs eru 3 námur sem koma til greina sem líklegir efnistökuastaðir. Vegagerðin fyrirhugar að nýta þær námur sem fyrir eru. Að efnistöku lokinni verður námunum lokað og gengið frá þeim í samráði við landeigendur.

1. Í landi Sökku er opin ófrágengin náma í tvo hóla neðan við veg. Þarna hefur verið tekin steypumöl. Landeigandi hefur óskað eftir því að Vegagerðin taki efni úr syðri hólnum (Náma A). Gert er ráð fyrir að efnismagn sé um 3.000 m³ og að efnið nýtist í neðra burðarlag/fyllingu. Að efnistöku lokinni verður námunni, þ.e. syðri hólnum, lokað og gengið frá henni.
2. Í landi Uppsala er ófrágengin náma í hjalla neðan núverandi vegar (Náma B). Gert er ráð fyrir að efnismagnið sé um 35.000 m³. Efnið verður notað í neðra burðarlag og fyllingu. Að efnistöku lokinni verður námunni lokað og gengið frá henni.
3. Í landi Hofsár er ófrágengin náma í hjalla fast neðan núverandi vegar (Náma C). Hugsanlega er hægt að ná um 3.000 m³ af fyllingarefni (jafnvel meira). Að efnistöku lokinni verður námunni lokað og gengið frá henni.
4. Í landi Ytra-Hvarfs er ófrágengin náma í hjalla fast neðan við núverandi veg (Náma D). Það er álitnið að hægt sé að ná allt að 12.000 m³ af fyllingarefni, hugsanlega meira, sem að stórum hluta kæmi úr núverandi botni. Að efnistöku lokinni verður náman lokað og gengið frá henni.
5. Um 200 m sunnan við útboðenda við Ytra-Hvarf er ófrágengin náma í hjalla frá því ný brú var byggð yfir Skíðadalsá (Náma D). Gert er ráð fyrir að taka þurfi um 25.000 m³ af efni úr námunni sem nýtist í neðra burðarlag og fyllingu. Að efnistöku lokinni verður námunni lokað og gengið frá henni.

Gert er ráð fyrir að verktaki útvegi efni í efra burðarlag og klæðingu. Efnið skal uppfylla kröfur Vegagerðarinnar og koma úr námum með tilskilin leyfi.

3.3. FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefur.

Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst í yfirborði skeringa verður ýtt ofan af til að geyma og jafna yfir svæðin að vinnslu lokinni sem efsta lag við frágang. Með því ætti árangur af uppgræðslu að verða öruggari.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi. Gengið verður frá námum í samráði við landeigendur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Ef raska þarf skógræktarreitum á Hánefsstöðum og Hofsá verður, í samráði við landeigendur, ræktaður upp jafns stór skógur og sá sem raskast.

Þar sem skepnuheldum girðingum verður raskað verða þær lagfærðar í samráði við landeigendur.

Vegtengingar verða aðlagðar að nýrri hæð vegarins.

3.4. VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útbóðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5. MANNAFLAÐÖRF

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdartíma. Reikna má með um 10-15 störfum í 3-5 mánuði í sitthvorn vegkaflann.

3.6. FRAMKVÆMDATÍMI

Fjárveiting til Skíðadalsvegur var á vegáætlun árið 2009, samtals 125 m.kr. Ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir við verkið geta hafist en reiknað er með að framkvæmdinni verði tvískipt.

3.7. REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

Í dag er Vegagerðin með vetrarþjónustu, þ.e. snjómokstur og aðra þjónusta, tvo daga í viku á þeim kafla sem hér er kynntur. Tíðari snjómokstur er í höndum sveitarfélagsins. Engar áætlanir hafa verið um breytingar á rekstri vegarins eftir að vegaf framkvæmdum lýkur og miðað er við að þjónustan verði svipuð og nú er. Viðhald og rekstur á veginum mun fylgja þeim stöðlum og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h.

4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1. Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða. Helstu áhrif vegna framkvæmda á Skíðadalsvegi felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir hafa sjónræn áhrif og geta markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýir vegir eru hannaðir til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útvist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð veglagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að endurbygging Skíðadalsvegar á köflunum milli Skáldalækjar og Brautarhóls og Hofsár og Ytra Hvafs myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið.

Þar sem fyrirhuguðu framkvæmdasvæðis hefur áður verið raskað og ekki er verið að breyta legu vegarins nema lítillega á stuttum köflum, telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg.

5. LÝSING Á STAÐHÁTTUM

5.1. MANNLÍF OG ÚTIVIST

Dalvíkurbyggð er þriðja fjölmennasta sveitarfélag í Eyjafjarðarsýslu á eftir Akureyri og Fjallabyggð. Undirstaða byggðar þar er sjávarútvegur, fiskvinnsla og landbúnaður.

Dalvík stendur við samnefnda vík við mynni Svarfaðardals, um 40 km norðan Akureyrar. Þar búa um 1500 manns. Sjávarútvegur, fiskvinnsla og aðrar atvinnugreinar sem tengjast sjávarútvegi skipa stóran sess á Dalvík en aðrar atvinnugreinar líkt og ferðaþjónusta, iðnfyrirtæki og matvælaíðnaður skapa hér fjölda fólks atvinnu. Á Dalvík er stór fiski- og vöruhöfn og þaðan siglir Grímseyjarferjan Sæfari milli lands og eyja. Skíðasvæði Dalvíkurbyggðar er rétt við bæjarmörk Dalvíkur en einnig má finna góða sundlaug, bóka- og héraðsskjalasafn auk byggðasafn innan kaupstaðarins.

Áhrif á mannlíf og útivist

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast lítilsháttar vegna umferðar þungra vinnuvéla. Vegfarendur um Skíðadalsveg munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks, og truflunar á umferð.

Ryk og hávaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri vegar með bundnu slitlagi.

Gera má ráð fyrir aukinni umferð hestamanna í kjölfar lagningu reiðavegar meðfram útboðsköflunum að austanverðu. Þá má búast við aukinni umferða ferðamanna um svæðið með bættum vegasamgöngum.

5.2. LANDSLAG

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang. Landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber sterk einkenni af landbúnaði.

Vegurinn liggur um láglandið í austanverðum Svarfaðardal, ýmist milli túna eða beitilanda. Gróskumiklir skógarreitir eru neðan vegar við Hánefsstaði og Hofsa.

Girðingar eru meðfram veginum á hluta vegarins. Ágætt útsýni er frá framkvæmdasvæðinu yfir flatlendið neðan vegarins og yfir hlíðarnar gengt framkvæmdasvæðinu, í vestanverðum Svarfaðardal.

Áhrif á landslag

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslagið, bæði þar sem vegurinn liggur og á námusvæðum. Landslaginu hefur þegar verið raskað með núverandi vegi, námuvinnslu og búskap. Vegna öryggissjónarmiða þarf að breyta planlegu vegarins á tveimur stuttum köflum, þ.e. við Hánefsstaðaskóg og á kafla skammt norðan Ytra-Hvarfs. Þá verður hæðarlega vegarins lagfærð á þeim stöðum þar sem hún uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar.

Að framkvæmdum loknum hefur landslagsmyndin lítið breyst á framkvæmdasvæðinu. Gengið verður þannig frá vegstæði að vegurinn falli vel að landi. Gert er ráð fyrir að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa nokkuð fljótt.

5.3. SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN

Núverandi vegur, milli Skáldalækjar og Brautarhóls og Hofsár og Ytra-Hvarfs, er lítið uppbyggður malarvegur. Töluverð rykmengun er í nágrenni hans eins og sést á mynd 8.



Mynd 8. Rykmengun af núverandi vegi við Hofsárreit (Sóley Jónasdóttir, 2008).

Á síðustu árum hefur umferð og umferðarhraði á veginum aukist. Það hefur haft í för með sér að öryggi á veginum hefur minnkað.

Á árunum 2000-2006 eru skráð þrjú óhöpp á kaflanum, öll með eignatjóni.

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi

Búast má við að umferð um svæðið tefjist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur.

Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari en nú. Breidd og hæðarlega vegarins verður betri en á núverandi vegi auk þess sem bundið slitlag verður komið á kaflana.

Áhrif á mengun

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum minnkar loftmengun miðað við núverandi ástand vegna bundins slitlags.

5.4. LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin liggur um lönd jarðanna Skáldalækjar, Sökku, Hánefsstaða, Valla, Hofs, Hofsár, Hofsárkots og Ytra-Hvarfs.

Núverandi vegur liggur að mestu meðfram túnnum og beitolöndum. Á flestum bæjum við fyrirhugað vegstæði er stundaður hefðbundinn búskapur. Á kafla milli Skáldalækjar og Brautarhóls er víðuáttumikið votlendissvæði neðan núverandi vegar auk afgirts skógræktarsvæðis í landi Hánefsstaða. Á kaflanum milli Hofsár og Ytra-Hvarfs er einnig gróskumikið skógræktarsvæði neðan vegarins í landi Hofsár, auk vatnsverndarsvæðis í landi Ytra-Hvarfs. Þá eru frístundahús við Skeggstaði í landi Hofsárkots og á Völlum er kirkja.

Opnar námur eru neðan núverandi vegar í landi Sökku, Valla, Hofsár og Ytra-Hvarfs.

Lagnir sem vitað er um í nágrenni framkvæmdasvæðisins eru:

- **Dalvíkurbyggð:** Hitaveita þverar framkvæmdasvæðið nálægt st. 3170. Upplýsingar um vatnslagnir eru frá Dalvíkurbyggð.
- **Míla hf:** Jarðsími með heimtaug að hverju íbúðarhúsi liggur meðfram öllu framkvæmdasvæðinu og þverar veginn á 8 stöðum. Upplýsingar um jarðsíma- og ljósleiðarastrengi eru frá Mílu hf og eru merktar inn á teikningu 2.
- **Rarik:** Á kaflanum Skáldalækur-Brautarhóll liggur rafstrengur í jörð skammt vinstra megin vegar við Skáldalæk. Háspennulína þverar framkvæmdasvæðið nálægt st. 4040 og er a.m.k. 1 staur í veginum. Gert er ráð fyrir að Rarik leggi rafstreng í jörð eða færi staurinn. Á kaflanum milli Hofsár og Ytra-Hvarfs liggur háspennulína meðfram framkvæmdasvæðinu og þverar það milli st. 1120-1320. Þrír staurar eru í veginum, þar af ein tvístæða. Gert er ráð fyrir að Rarik leggi rafstreng í jörð. Upplýsingar um rafstrengi eru frá Rarik og eru merktar inn á teikningu 2.

Áður en framkvæmdir hefjast verður kannað hvort fleiri lagnir liggja undir eða við veginn. Allar lagnir verða mældar inn og kynntar í útboðsgögnum áður en framkvæmdir hefjast til að koma í veg fyrir að þær raskist við framkvæmdina.

Samráð hefur verið haft við landeigendur, Dalvíkurbyggð og Minjavörð Norðurlands eystra vegna hönnunar framkvæmdar og efnistöku.

Þar sem girðingum verðum raskað mun Vegagerðin sjá um að girða meðfram veginum í samráði við landeigendur að framkvæmdum loknum. Áfram verða tryggðar tengingar við tún og námur.

Áhrif á landnotkun

Landeigendur og vegfarendur við framkvæmdasvæðið munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Endurbygging Skíðadalsvegur mun hafa einhver neikvæð áhrif á landnotkun á svæðinu, aðallega þar sem hann sker tún vegna nýrra heimreiða við Skeggstaði og Hofsárkot. Þá mun vegurinn hafa áhrif á landnotkun á þeim stöðum sem hann víkur út af núverandi vegi vegna lagfæringar á planlegu. Um óveruleg áhrif er að ræða þar sem hann mun liggja í jaðri túna og ekki hafa hindrunaráhrif.

5.5. JARÐMYNDANIR OG VATN

Jöklar ísaldar hafa grafið og mótað Svarfaðardal. Á framkvæmdasvæðinu liggur vegurinn nánast eingöngu eftir hjöllum en á einum stað yfir skriðuleilu/aurkeilu. Hjallarnir eru forn dalfylla (straumvatnaset) sem hefur myndast í byrjun nútíma, fyrir u.þ.b. 9200 árum BP þegar jöklar lágu í mynni Skíðadals og í framhluta Svarfaðardals.

Áhrif á jarðmyndanir

Engin áhrif verða á jarðmyndanir vegna vegalagningarinnar þar sem einungis er verið að styrkja og endurbyggja núverandi veg.

Efnistakan mun fara að mestu fram í námum sem þegar hefur verið tekið efni úr og eru allar

ófrágengar. Um er að ræða straumvatnaset í hjöllum sem hefur myndast í byrjun nútíma. Jarðmyndanirnar sem um ræðir eru algengar á svæðisvísu og landsvísu. Almennt mun lagning vegarins og efnistaka tengd framkvæmdinni hafa lítil áhrif á jarðmyndanir.

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif á vatn

Í úboðsgögnum verður gerð krafa um að sérstakrar varúðar verði gætt við alla meðferð olíuefna og að vinnuvélar sem notaðar verða við verkið sé vel við haldið og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim. Þegar þær eru ekki í notkun verður gerð krafa um að þeim verði komið fyrir á svæði með

undirlagi sem heldur olíu eða þær færðar út fyrir vatnsverndarsvæðið. Verði vart við leka verður gerð krafa um að strax verði gripið til viðeigandi ráðstafana til upphreinsunar og lagfæringar og samband haft við viðeigandi yfirvöld. Þá mun verða ítrekað í útboðsgögnum að geymsla á hættulegum og mengandi efnum og spilliefnum innan vatnsverndarsvæðisins er óheimil. Um það gildir reglugerð 797/1999.

Samráð verður haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um frekari tilhögun framkvæmdar.

Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsverndarsvæðið og vatnsbúskap á svæðinu, að uppfylltum fyrrgreindum skilyrðum.

5.6. GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða sjaldgæfa fugla sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Hluti framkvæmdasvæðisins sem lendir utan núverandi vegar er gróíð. Um er að ræða tún og beitolönd.

Áhrif á gróðurfar

Framkvæmdin mun að mestu leyti liggja innan núverandi vegstæðis sem hefur áður verið raskað með búfjárbætur og túnræktun. Framkvæmdasvæði endurbýggðs vegar verður þó víðast breiðara en það svæði sem raskað var við byggingu núverandi vegar, því vegurinn verður hærri og breiðari. Gert er ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg. Framkvæmdin mun hafa mest áhrif á gróðurfar vegna nýrra heimreiða að Skeggstöðum og Hofsaárkoti.

Áhrif á fugla

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

5.7. MENNINGARMINJAR

Eins og kom fram í kafla 1.6 liggur fyrir aðalskráning fornleifa í Dalvíkurbyggð. Fornleifarskýrslur og kort eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.dalvik.is. Hnit fornleifa fylgja skýrslunni og í samráði við Minjavörð Norðurlands eystra, hafa þær minjar sem liggja innan 100 m frá framkvæmdasvæðinu verið færðar inn á teikningu 2. Alls er um að ræða 13 minjar á 7 jörðum. Þá hefur fjarlægð minjasvæðis frá ystu brún framkvæmdasvæðis verið mæld upp á korti.

Hér fyrir neðan eru jarðirnar taldar upp, frá norðri til suðurs, sem og þær minjar sem á þeim eru skráðar. Upplýsingar um minjarnar eru fengnar úr skýrslum Fornleifastofnunar Íslands (2002-2003).

SKÁLDALÆKUR (EY-178)

- **EY-178:014 stekkjartóft** (65°56.472N 18°31.233V)
Um 450 m m sunnan við bæ 001 og 20 m neðan (vestan) við þjóðveg er stekkjartóft. Tóftin er á hæð neðan við þjóðveg. Hæðin og tóftin eru á kafi í grasi. Umhverfis hæðina er deiglendi og engjar að Svarfaðardalsá. Tóftin er á kafi í grasi. Hún er 11 X 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Austurendi tóftarinnar er einungis um 3 m á breidd en vesturendi hennar er 7 m. Tóftin er tvískipt. Ekki er greinilegt op á milli hólfanna en hugsanlegt er að op hafi verið á útvegg vestara hólfins (þess stærra) austast á norðurvegg. Veggir tóftarinnar eru hrundir og grónir og víða 1,5-2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ekki eru grjóthleðslur greinilegar í tóftinni. Heimildir geta ekki um stekki í landi Skáldalækjar. Þessi tóft er með dæmigerðu stekkjartóftum og fjarlægð frá bæ er svipuð því sem algengast er með stekki á þessum slóðum. Er því rétt að álykta að öllum líkindum sé um stekkjartóft að ræða.

Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 93 m

SAKKA (EY-176)

- **EY-176:024 Saurbæjarkot bæjarstæði býli** (65°56.333N 18°32.209V)
1712: "Saurbæarkot, forn eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni í úthögum, en eyðilagðist hjer um fyrir 50 árum, og er þar nú stekkur heimajarðarinnar. ... Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er mjög lítið og heyskapur enginn, nema hann sje tekinn frá heimajörðunni." segir í jarðabók Árna og Páls. "Gamalt bæjarstæði ofan Saurbæjartjarnar heitir Saurbæjarhóll, og er hann norður við landamerki Sökku og Skáldalækjar." segir í örnefnalýsingu. Saurbæjarhóll er nú alveg eyðilagður en hann var tekinn í malarnám þegar loðdýrabú var byggt skammt fyrir ofan árið 1982. Þá voru bæjarrústirnar alveg eyðilagðar. Enn sjást nokkur merki um hólinn en hann er ofan við nyrsta hluta Saurbæjartjarnar, fast ofan við þjóðveg en sunnan 157 við vegarslóða að loðdýrahúsi. Vegarslóðinn liggur yfir norðausturhluta hólsins. Gróinn melhóll sem nú hefur að mestu horfið í malarnám.
Heimildir: JÁM X, 95; Ö-Svarf, 254
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 42 m
- **EY-176:015 Torfnæs örnefni rista** (65°55.986N 18°32.514V)
"Þurrlendisrani, sem liggur frá brekkurótum fram í Sökkuna, heitir Torfnæs." segir í örnefnalýsingu.
Torfnæs er varla lengur hægt að kalla nes. Um er að ræða þúfnabakka í mýri, um 50 m neðan við þjóðveg og 500-600 m norðvestan við bæ. Torfið var rist neðan við engi.
Heimildir: Ö-Svarf, 254
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 41 m

HOFSÁ (EY-168)

- **EY-168:010 Kringlugerði heimild um býli** (65°53.821N 18°33.961V)
"Nokkru utar [en Breiðasund] var Kringlugerði, þar sem nú heitir Kringlugerðisnýrækt. Þarna voru húsatóftir og sléttur blettur umhverfis, en greinilegur vörslugarður umhverfis blettinn. Vafalítið hefur þarna verið kotbýli." segir í örnefnalýsingu. 1712: "Kringlugerde kallast ein lítil girðing fyrir sunnan sjálfan völlinn hjer í landinu, með nökkum tóftarústum innan garða. Flestir atla þetta sje fornt fjárhússtæði en ekki eyðiból. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er í holt komið." segir í jarðabók Árna og Páls. Kringlugerði er 400 m suðvestan við gamla bæinn (001) og 20-30 m ofan við þjóðveg, þar sem nú er hæð í túni. Engin ummerki sjást um býlið nú en það hefur horfið við vegagerð og túnasléttun. Þar sem það var áður eru nú rennislétt tún.
Heimildir: Ö-Svarf, 263; JÁM X, 88.
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 52 m
- **EY-168:011 náma mógrafir** (65°53.741N 18°34.184V)
Fast sunnan við skógreitinn í landi Hofsa og um 20 m neðan við þjóðveg er mýri þar sem svörður var tekinn. Beint neðan við þjóðveginn voru Hofsaármelar en svarðargrafirnar eru norðan og norðvestan við melinn. Grafirnar voru þar sem enn er mýri norðan og norðvestan í melhól. Ekki sjást greinileg merki hvar þær voru en þó má sjá dældir hér og þar.
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 50 m

SKEGGSTAÐIR (EY-169)

- **EY-169:010 Hvammur álagablettur** (65°53.496N 18°34.308V)
"Litlu neðar en bærin stendur myndast djúp og skeifulaga hvilft allstór, sem heitir Hvammurinn. Honum fylgja þau álög, að þegar hann hefur verið sleginn, koma ævinlega óþurrkar. Má eiga það víst að erfiðlega gangi að ná upp þurru heyi þar og stundum má segja, að það hafi verið ómögulegt. Enga sögn muna menn þó í sambandi við þessi álög." segir í örnefnalýsingu. Álagabletturinn er fast sunnan heimreiðar en austan þjóðvegjar. Álagabletturinn er hvammur en svæðið er nú allt orðið að sléttu túni.
Heimildir: Ö-Svarf, 275
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 18 m

HOFSAÁRKOT (EY-167)

- **EY-167:009 Lágistekkur heimild um stekk** (65°53.199N 18°34.601V)
"Utar [en Fitjamór] eru svo Berjaholt og utan við þau var Lágistekkur og Lágastekkjarmór, sem nú er allt orðið að túni." segir í örnefnalýsingu. Lágistekkur var þar sem nú eru tún. Hann var 10-20 m ofan við þjóðveg á hæð sem er á milli heimreiðar og afleggjara (fast sunnan við afleggjara) frá þjóðvegi og niður á engjar aðeins neðar. Hæð í sléttuðu tún. 1985: "Á að giska 200 metra út og niður frá bænum var Lágistekkur stutt ofan við núverandi þjóðveg, nú býið að slétta yfir hann. Veggir voru þar mjög greinilegir, tvær tættur hver við endann á annarri og sýnilega dyr á milli. Ég get hugsað mér stærðina á stærri tóftinni 3x2 metra. Veggir voru mjög heillegir, hlaðnir grjóti." Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 2.
Heimildir: Ö-Svarf, 273; Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 2.
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 14 m
- **EY-167:006 Svarðarmór frásögn af mögröfum** (65°53.205N 18°34.771V)
"[Hofsárkotslækur] rennur í gegnum Börðin um Svarðarklauf og Svarðarmó ... Sunnan Svarðarklaufar er Svarðarmelur, nú að mestu eyðilagður af malarnámi." segir í örnefnalýsingu. Svarðarmelur er um 80 m neðan við þjóðveg fast neðan (og örlítið utar) en heimreiðin að Hofsárkoti. Melurinn er nú að mestu horfinn í malarnám. Fast neðan við melinn voru áður svarðargrafir þar sem nú eru framræst tún.
Heimildir: Ö-Svarf, 273
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 60 m
- **EY-167:007 Usla** (65°53.073N 18°34.676V)
"Bratt nokkuð er fram af Dagsláttubarðinu niður að ferhyrnu svæði, er var óræktarmór, umluktur melbörðum á allar, fjórar hliðar og garðar hlaðnir meðfram börðunum. Er þetta stykki allt að því dagsláttustærð, en hefur ugglaut verið náttthagi ... Þessi staður heitir Usla, en melurinn að norðan Rani." segir í örnefnalýsingu. "Dagsláttubarð ... takmarkar að ofan nokkurn veginn ferhyrnt svæði, nálægt einni dagsláttu að stærð, nú sléttað og ræktað en var áður óræktarmór, þar sem meðal annars uxu ber. Sunnan við þetta svæði eru myndarlegir hólar, en að norðan náði það að heimreið sem nú liggur beint upp að gamla íbúðarhúsinu. Að neðan voru takmörk svæðisins skammt ofan við þjóðveginn. Á þessum mörkum var á allar hliðar hlaðinn garður úr torfi, gamallegur og sjást enn talsverðar leifar hans. Yst og efst í þessu afgirta svæði var svo sem króuð af rétt. Svæðið heitir Usla og hafa bændur í Hofsárkoti talið að þetta hafi verið náttthagi." segir Kristján Eldjárn í grein um Uslaréttir. Réttin var um 100 m vestan við bæ. Uslaréttin var þar sem nú er sléttuð grasflöt, umkringd hólum á 3 vegu (norður, suður, austur) en neðar er þjóðvegur. Sléttuð túnsvæði, umkringt hólum. Usla var ekki mikið mannvirki, einungis var hlaðið upp í glufur á hólsvæðinu,
Heimildir: Ö-Svarf, 273; KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 106.
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 14 m
- **EY-167:011 frásögn af sundlaug** (65°53.044N 18°34.728V)
50-70 m ofan við þjóðveg og 30-40 m sunnan við Usla (008) er dæld inn á milli hóla. Í þessa dæld var vatni veitt og þannig útbúinn sundpollur. Pollurinn er í dæld milli grasi gróinna hóla. Hann er náttúrulegur.
Heimildir: Ö-Svarf, 273
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 20 m

SKRÍÐUKOT (EY-166)

- **EY-166:013 garðlag túngarður** (65°52.843N 18°35.340V)
"Kumlategurinn [Ey-165-022] er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrúninni, framar en nýi vegurinn. Skammt ofan við bakkabrúnina var mjög gamall vallargarður, sýnilega frá þeim tíma er tún var stærra en seinna varð. Á milli bakkabrúnarinnar og garðsins voru kumlin." Garðlag lág frá merkjagarðinum og til norðausturs. Engin merki eru nú greinileg um garðinn en þar sem hann lá eru nú sléttuð tún.
Heimildir: KEKH, 115

Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 6 m

YTRA-HVARF (EY-165)

- **EY-165:022 kuml legstaður** (65°52.842N 18°35.329V)
"Á merkjunum milli Skriðukots og Hvarfs er Merkjaklauf, lítill og lækjarlaus. Þar eru fornmannahaugar. Komu þar eitt sinn upp mannabein og a.m.k. eitt spjót. ... Um [mel þennan] liggur þjóðvegurinn." segir í örnefnalýsingu. "Haustið 1949 var unnið við vegagerð með jarðýtu á bökkunum í túnfætinum á Ytra-Hvarfi, um 350 m norður af bænum. Varð þá vart kumlaleifa, sem ýtan hafði skafið ofan af, er hún hrúgaði grjóti og mold upp í veginn. Hefur þar að líkindum grafizt eitthvert haugfé. Þó er enginn efi á, að kumlategur sá, sem þarna hefur verið, hefur fyrir ævalöngu verið ræntur. [KE] rannsakaði hauginn skömmu eftir að hann fannst. / Kumlategurinn er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrúninni, frammar en nýi vegurinn. Skammt ofan við bakkabrúnina var mjög gamall vallargarður, sýnilega frá þeim tíma er tún var stærra en seinna varð. Á milli bakkabrúnarinnar og garðsins voru kumlin. Fyrir nokkrum árum hafði verið sléttað yfir þau við túnrækt, en áður höfðu þarna sézt haugar litlir eða stórar þúfur með miklu af ársorfnu grjóti, sem að töluverðu leyti var rífið upp og velt fram af bakkanum við sléttunina. Jarðýtan skóf miklu dýpra, svo að bert varð, að mannaverk voru á. Á kumlategnum funduzt tvær greinilegar grafir og nokkrar fleiri leifar." Kumlategurinn var þar sem þjóðvegurinn liggur nú 330-350 m norðvestan við bæinn (001) og beint neðan við merkjagarðinn (019). Kumlategurinn var þar sem þjóðvegurinn liggur nú en náði aðeins lengra til vesturs þar sem raskaður melur er nú milli þjóðvegur og vegarslóða nokkru vestar.
"1. kuml. Mjög aflöng gróf. 4.75 m að lengd, 80 sm að breidd, skýrt afmörkuð og ferköntuð, sneri því sem næst N-S. Dýpt hennar var um 65-70 sm, þar af um 25 sm ofan í hreina sjávarmöl, en upprunalega hefur dýptin verið meiri. Gröfin var full af margvíslegum malar- og moldarblendingi, og voru þar í margir stórir steinar, allir aðfluttir, fletir í norðurenda. Í gröfinni höfðu verið maður og hestur, maðurinn í suðurenda á 2 m löngu svæði, með höfuðið í suður. Engin fundust þó bein hans, en þetta má með vissu ráða af því, að inn undir grafarbakkanum að austan lá spjót, og vísaði oddurinn í norður og þá einnig fætur mannsins. Spjótið ber líklega að telja til hinnar spengilegu l-gerðar, Sverd 20. Það er nú 42 sm að lengd, en þó vantar á það því nær allan falinn, svo að aðeins er eftir efsti geirnaglenn. Hann er úr bronsi og stendur langt út úr báðum megin. Annars fannst í grafrými mannsins sproti úr bronsi, með stílfærðum dýrhaus, og járnsmolar óskilgreinanlegir. / Í norðurenda grafarinnar hafði verið heygður hestur, og var þar mjög mikið af hrossbeinum og grjóti, óvenjuleg stóru. Beinir voru þó aðeins úr einum hesti, nema hvað tennur voru úr tveimur, og kunna þær að hafa borizt úr öðru kumli við jarðraskið. Með hrossbeinum voru mjög ryðguð járnstykki úr söðli, gjarðarhringja og bólur margr úr söðli, gerðar sem kúptir hnappar úr bronsþynnu. / Augljóst er, að 1. kuml hefur verið rífið upp fyrir löngu, mannsbeinin fjarlægð, hrossbeinum raskað, haugfé rænt, en spjótið eitt skilið eftir, líklega af því að það hefur falbrotnað þegar til þess var gripið. / 2. kuml. Þetta kuml var rúmum 5 m vestar og lítið eitt sunnar en 1. kuml. Það var gróf með líku sniði og hin, grafin álíka djúpt, 3.5 m að lengd, 75-100 sm að br. Sneri N-S. Í norðurendanum var mikið hrossbeinahrafl ásamt gjarðarhringju og ruðkökkum og nöglum úr söðli, en í suðurenda ekki annað en ryðmolar. Sýnilega var gröfin uppgráfin fyrir löngu, og virðist hafa hagað eins til og í 1. kumli, maðurinn í suðurenda, hestur til fóta. / Á þremur stöðum utan þessara grafa voru mannabeinaleifar, á einum fjórar tennur, öðrum óskilgreinanlega leifar, en nyrzt, ærið langt frá, hrafl af 92 beinum manns og hests. Auk þessa fundu jarðýtumenn í vegarfillingunni einn vel varðveittan lærlegg, eina heillega mannsbeinið úr kumlategnum. Vera má, að sumt af þessum beinum hafi upprunalega verið í gröfunum tveimur, en þó verður ekki með vissu um það sagt né upprunalegan fjölda grafa á kumlategnum."
Heimildir: Ö-Svarf, 267; KEKH, 115-17
Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 6 m
- **EY-165:023 heimild um leið** (65°52.858N 18°35.366V)
"Kumlategurinn er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrúninni, frammar en nýi vegurinn. ... Á milli bakkabrúnarinnar og garðsins voru kumlin." segir í lýsingu Kristjáns Eldjárns á kumlinu 022. 15-20 m neðan við þjóðveg og

um 350-360 m norðvestan við bæinn er vegarslóði sem er síðustu leifar eldri vegar. Hann sést á kafla hér og þar en melnum sem hann liggur á hefur annars verið mikið raskað.

Heimildir: KEKH, 115

Fjarlægð fornleifar frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis: 40 m

Áhrif á fornminjar

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þær fornleifar sem skráðar hafa verið innan 100 m frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og fjarlægð þeirra frá ystu brún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Tafla 2. Yfirlit yfir fornleifar fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis

Jarðir	Númer fornleifa	Fjarlægð frá Veglínu (m)
Skáldalækur (EY-178)	178 :14	93
Sakka (EY-176)	176 :15	41
	176 :24	42
Hofsa (EY-168)	168 :11	50
	168 :10	52
Skeggstaðir (EY-169)	169 :10	18
Hofsárkot (EY-167)	167 :11	20
	167 :7	14
	167 :6	60
	167 :9	14
Skriðukot (EY-166)	166 :13	3
Ytra-Hvarf (EY-162)	165 :22	6
	165 :23	40

Eftir er að meta hættu fyrirhugaðrar framkvæmda á fornminjar svæðisins og tilheyrandi mótvægisáðgerðir, ef á þeim reynist þörf. Ráðleggingar varðandi ofangreind gögn fengust hjá Minjaverði Norðurlands eystra. Vegagerðin væntir frekari upplýsinga/ráðlegginga frá Fornleifavernd ríkisins í tengslum við könnun á matsskyldu framkvæmdarinnar.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis. Þá verður væntanlegum verktaka gert að merkja þær fornminjar sem liggja innan 100 m frá veglínunni með veifum eða girða af með litaborðum áður en framkvæmdir hefjast.

6. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið sjálft. Nýr vegur verður hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið, námuvegi og námur. M.a. verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.
- Til að draga úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsverndarsvæðið, mun Vegagerðin í útboðsgögnum um framkvæmd verksins, ítreka ábyrgð verktaka gagnvart mengunarreglugerð (nr. 48/1994 með síðari breytingum). **Í útboðsgögnum mun m.a. koma fram að ekki verði leyft að geyma mengandi efni inn á verndarsvæðinu.** Þá verður haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra áður en framkvæmdir hefjast.
- Varðandi vinnubúðir verður í útboðsgögnum farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim. Einnig verða gerðar kröfur um að ekki sé olíusmit á pöllum efnisflutningabíla við vinnu í nágrenni vatnsverndarsvæðisins.
- Ef verkataki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Leitast verður við að raska búskap sem minnst. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast utan vegsvæðis og það bætt á viðeigandi hátt.
- Girt verður að nýju ef hrófla þarf við girðingum meðfram veginum.
- Fornleifar í nágrenni vegsvæðisins verða merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum. Ef frekari fornleifarannsókn er þörf munu þær fara fram áður en framkvæmdir hefjast. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörð Norðurlands eystra varðandi aðgerðir.
- Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

7. NIÐURSTAÐA

Við framkvæmdina verða 2 kaflar Skíðadalsvegar endurbyggðir. Sem stendur er ekki ljóst hvort báðir kaflarnar verða byggðir í einu eða í sitt hvoru lagi. Það ræðst þegar endurskoðuð vegáætlun liggur fyrir.

Í tengslum við framkvæmdina verða byggðar nýjar heimreiðar að Skeggstöðum og Hofsárkoti. Þá verður reiðvegur lagður meðfram núverandi vegi að austanverðu, á þeim köflum sem verða endurbyggðir.

Vegagerðin hefur ekki gert aðrar rannsóknir á svæðinu en efnisrannsóknir. Ekki eru til upplýsingar um fugla eða gróðurfar á svæðinu. Svæðisskráning fornleifa hefur verið gerð í tengslum við vinnu við aðalskipulag svæðisins. Þegar snjóá leysir mun Minjavörður Norðurlands eystra fara um svæðið og í kjölfarið veita Vegagerðinni ráðgjöf um frekari skráningu og/eða rannsóknir, gerist þess þörf.

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg.

Í útboðsgögnum verður tekið fram að takmarka skuli framkvæmdasvæðið eins og hægt er.

Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

Hætta á mengunarslysum eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

Framkvæmdin liggur að hluta í jaðri grannsvæðis vatnsverndar. Í útboðsgögnum verður verktaka sett skilyrði varðandi umgengni innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum, meira umferðaröryggi og minni rykmengun.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaf framkvæmd og sú námuvinnsla sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

8. HEIMILDIR

1. Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020, drög að greinagerð.
2. Fornleifastofnun Íslands, 2002: Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII: Fornleifar í Skíðadal, frá Kóngsstöðum og norður um Svarfaðardal austanverðum að Sökku. Reykjavík. FS168-99093.
3. Fornleifastofnun Íslands, 2003: Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal. Reykjavík. FS204-99094.
4. Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason og Kristján Sigfússon, 1993:
 - i. Byggðir Eyjafjarðar 1990, fyrri bindi.
 - ii. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
 - iii. Akureyri.
5. Heimasíða Dalvíkurbyggðar, 2009: www.dalvik.is
6. Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Guðjónsson, Jón Örn Pálsson, 1996: Rannsóknir á
 - i. sjóbleikju í Svarfaðardalsá 1992 til 1995.
 - ii. Veiðimálastofnun, VMST-R/96008, 14 bls.
7. Merkar fornleifar í Dalvíkurbyggð. Samantekt vegna aðalskipulags. Fornleifastofnun Íslands 2006.
8. NAT veiðivefurinn, 2009: www.nat.is
9. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, lðnaðarráðuneytið, Umhverfisráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
10. Náttúruminjaskrá, 2008: Heimasíða Umhverfisstofnunar, nóvember 2008. www.ust.is
11. Náttúruverndaráætlun 2004-2008: Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.
12. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, 2001.
13. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: Íslands handbókin, náttúra, saga og sérkenni. Örn og Örlygur. Reykjavík.
14. Þórólfur H Hafstað og Freysteinn Sigurðsson, 1993: DALVÍK – Um verndarsvæði vatnsbóla. Unnið af Orkustofnun, vatnsorkudeild. ÞHH-FS-93-06.

9. TEIKNINGAR

Teikning 1. Vegagerðin, (2009): Yfirlitsmynd, mkv. 1:10.000, 2 stk.

Teikning 2. Vegagerðin, (2009): Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu,
mkv. 1:5.000, 4 stk.